



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Kópavogi, 13. desember 2019

Hjálagt sendist yfirlæknum geðdeilda sjúkrastofnana og félagsmálastjórum sem hafa umsjón með félagsþjónustum landsins leiðbeinandi tilmæli sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu vegna afgreiðslu beiðna um nauðungarvistanir.

Virðingarfyllst

f.h. Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu

Ásrún E. Harðardóttir
Ásrún Eva Harðardóttir, fagstjóri
A circular blue stamp with the text "Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu" around the perimeter and a central emblem featuring a lion and a shield.



Leiðbeinandi tilmæli

Leiðbeinandi tilmæli þessi eru sett af sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, sem tekur ákvarðanir um nauðungarvistánir, skv. 19. gr. lögræðislaga nr. 71/1997. Eru tilmæli þessi til leiðbeiningar, en fela jafnframt í sér beiðni embættisins um að koma á ákjósanlegu og markvissu samstarfi sýslumanns, heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu sveitarfélaga um framkvæmd nauðungarvistunar.

Tilgangur og markmið

Að mati sýslumanns er afar nauðsynlegt að fulltrúar embættisins, sem hafa með höndum það verkefni að yfirfara og afgreiða beiðni um nauðungarvistnanir, hafi til þess fullægjandi tíma, enda er umfjöllunarefnið frelsissvipting einstaklings, sem er alvarlegt inngríp í líf hverrar manneskjú. Um er að ræða einstaklinga í viðkvæmri stöðu og mikilsverð persónuleg réttindi þeirra. Mikilvægt er því að vandað sé til verka af öllum aðilum og þá ekki síst þeirri stofnun sem á hvílir að taka hina endanlegu ákvörðun.

Samkvæmt lögræðislögum er hlutverk sýslumanns fyrst og fremst að leggja mat á það hvort beiðni um nauðungarvistun og læknisvottorð sem henni fylgir, séu í samræmi við ákvæði lögræðislaga. Sú málsmæðferð er hins vegar vandasöm og upp geta komið tilvik þar sem hún er tímafrekari en ella. Hvílir og sú skylda á sýslumanni að afla þeirra gagna sem hann telur nauðsynleg til að afgreiða beiðnina, ef beiðnin sjálf og meðfylgjandi læknisvottorð þykja ekki nægjanleg til að taka ákvörðun um nauðsyn vistunar, sbr. 22. gr. lögræðislaga. Meðal þeirra gagna sem sýslumaður getur aflað sér er álit trúnaðarlæknis sýslumanns. Trúnaðarlæknir sýslumanns hefur heimild til að kanna ástand einstaklingsins sem vista á nauðugan og til að kynna sér sjúkraskrá hans. Það er því ljóst að sýslumaður þarf að uppfylla talsvert fleiri skilyrði til að ákveða nauðungarvistun í allt að 21 dag heldur en læknir þarf að uppfylla til þess að ákveða nauðungarvistun í 72 klukkutíma (3 sólahringa).

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu mælist til þess að heilbrigðis- og félagsþjónustan, fylgi neðangreindum tilmælum varðandi verklag við beiðnir um nauðungarvistánir.

Tilmæli sýslumanns

1. Af hálfu sýslumanns er farið fram á að beiðni um nauðungarvistun berist embættinu innan 48 klukkustunda, frá því að 72 klukkustunda nauðungarvistun viðkomandi sjúklings á sjúkrahúsi á grundvelli ákvörðunar læknis hófst. Ef ekki reynist unnt að leggja fram beiðni um nauðungarvistun innan þeirra tímamarka, er heimilt í undantekningartilvikum að leggja beiðni fram að lágmarki innan 69 klukkustunda, frá því að nauðungarvistun á grundvelli ákvörðunar læknis hófst.¹ Með því móti mun sýslumaður alla jafna hafa 24 klukkustundir, en í undantekningartilvikum að lágmarki 3 klukkustundir, til þess að yfirfara gögnin og eftir atvikum afla nauðsynlegra gagna og taka ákvörðun í málinu, sem og að senda ákvörðunina á viðeigandi sjúkrastofnun í tæka

¹ Þegar um undantekningartilvik er að ræða er skilyrði 72 klukkustunda vistun á grundvelli ákvörðunar læknis renni ekki sitt skeið innan 3 klukkustunda af opnunartíma embættisins á virkum dögum, þ.e. á milli kl. 9.30 og 15 eða á bakvaktartíma um helgi eða á á frídegi, þ.e. á milli kl. 9 og 16.



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

tfð. Ekki er hægt að vænta þess að beiðni verði afgreidd áður en 72 klukkustunda vistun rennur út, ef vistun læknis rennur út innan skemmdir tíma.

2. Af hálfu sýslumanns er farið fram á að beiðandinn, félagsþjónustan, leggi beiðnina fram á opnunartíma embættisins, á milli kl. 8.30 og 15, á virkum dögum, en um helgar og á frídögum svarar lögfræðingur í bakvaktarsíma 849-1744 á milli kl. 9 og 16. Ekki er tekið við beiðnum á virkum dögum fyrir eða eftir opnunartíma embættisins og ekki er mögulegt að hringja í bakvaktarsíma embættisins á virkum dögum, enda er sem fyrr segir einungis bakvakt vegna slíkra mála um helgar og á frídögum, frá kl. 9-16. Hægt er að hafa samband símleidis við embættið á opnunartíma í síma 458-2000.
3. Af hálfu sýslumanns er gerð sú krafa að beiðni um nauðungarvistun og meðfylgjandi læknisvottorð séu lögð fram samhliða og gögnin séu skilmerkilega útfyllt. Má í dæmaskyni nefna að mikilvægt er að c-liður vottorðsins sé rétt útfylltur, „Afstaða þess, sem beiðst er að vistaður verði, til beiðni um nauðungarvistun hans, eftir því sem við verður komið”, þ.e. að fram komi hvort sjúklingurinn vilji ekki þiggja þá meðferð sem að mati læknis er lífi hans og heilsu nauðsynleg, hvort hann óski eftir útskrift, o.s.frv. Af gefnu tilefni skal tekið fram að ekki er nægjanlegt að skráð sé „mótfallinn” undir umræddum lið, enda er nauðsynlegt að fram komi skýr afstaða sjúklingsins til sjúkrahúsvistunarinnar og þeirrar meðferðar sem er honum nauðsynleg. Ennfremur er mikilvægt að í b-liði vottorðsins, þ.e. undir liðnum skoðun læknis, sé ástandi sjúklingsins lýst með nákvæmum hætti og einnig að merkt sé skilmerkilega við í d-lið vottorðsins, þ.e. í niðurstöðukaflanum, á hvaða grundvelli beiðnin er byggð. Þá er mikilvægt að réttar upplýsingar séu skráðar undir liðnum „Nafn þess er biður um vottorð” á blaðsíðu 3 í læknisvottorðinu, en þar er um að ræða nafn þess læknis sem biður um vottorðið, en ekki félagsþjónustuna í því sveitarfélagi sem sjúklingurinn á lögheimili í, eins og kemur fyrir að skráð er. Loks er afar mikilvægt að á beiðninni sé tilgreint hvar fyrirhugað sé að vista sjúklinginn, sem og hvenær 72 klst. nauðungarvistun hófst.